

Reglur um styrkveitingu til þróunarverkefna í leik-, grunn- og tónlistarskólum Reykjanesbæjar.

1. Tilgangur styrkveitingarinnar er að stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í leik-, grunn- og tónlistarskólum Reykjanesbæjar. Með þróunarverkefnum er átt við verkefni sem stuðla að framförum í uppeldi, kennslu og öðrum þáttum skólastarfs.
2. Fræðsluráð ásamt fræðslustjóra skipa úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær til styrkveitinga. Fræðsluráð gerir tillögur til bæjarráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkuppþæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar
4. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun fræðslumála ár hvert. Styrkir eru ekki veittir til verkefna sem teljast til verkefna ríkissjóðs s.s. til námsefnisgerðar í grunnskólum né til verkefna sem ætla má að rúmist innan ramma hefðbundins skólastarfs.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. apríl ár hvert og skal umsóknum skilað til Fræðsluskrifstofu á sérstöku eyðublaði með þeim fylgiskjöllum sem tilgreind eru á eyðublaðinu.(greinagerð, rökstuðningur, fjárhagsáætlun, tímaáætlun, ábyrgðarmaður.....).
6. Um styrk geta sótt einstaka leik-, grunn- og tónlistarskólar, starfsmannahópar, leik-, grunn- og tónlistarskólakennarar og aðrir fagmenn á sviði skólamála enda nýtist verkefnið leik-, grunn- og tónlistarskólum Reykjanesbæjar. Sækja má um styrk til nýrra verkefna og verkefna sem þegar eru hafin.
7. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og e) eftir væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skólastarf. Nefndin leitar umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á hverju sinni.
8. Úthlutun styrkja fer fram í maí ár hvert og skal styrkurinn nýttast á komandi skólaári.
9. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði miðast við skólaárið og vera þannig að 60% af styrkuppþæð greiðist 1. október og 40% greiðast 15.júní enda hafi þá verið skilað lokaskýrslu um verkefnið til Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
10. Fræðsluráð getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefnið.

Samþykkt í fræðsluráði 23. apríl 2007